

Hulda Kristjánsdóttir

From: Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminsdottir@althingi.is>
Sent: miðvikudagur, 8. mars 2023 13:02
Subject: Til umsagnar 782. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

8. mars 2023

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs, þjónustustöðvar), 782. mál

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 17. mars nk.** á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1194.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrrsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Margrét Mjöll Benjamínsdóttir

Skjalaritari

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminisdottir@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 9. mars 2023 15:21
Subject: Til umsagnar 165. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

9. mars 2023

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál..

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 23. mars nk.** á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0166.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Margrét Mjöll Benjamínsdóttir

Skjalaritari

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminisdottir@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 9. mars 2023 16:00
Subject: Til umsagnar 795. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

9. mars 2023

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 23. mars nk.** á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1212.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Margrét Mjöll Benjamínsdóttir

Skjalaritari

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 9. mars 2023 14:54
Subject: Til umsagnar 126. mál frá nefndsviði Alþingis

9. mars 2023
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 23. mars nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/153/s/0126.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-sendu-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Sent: mánudagur, 13. mars 2023 11:28
Subject: Til allra sveitarfélaga: Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar í samráðsgátt

Tilvísun í mál: IRN22090130

Góðan dag

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að fyrir helgi voru kynntar í samráðsgátt stjórnvalda gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Breytingarnar miða að því að bæta gæði jöfnunar og einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins. Þá er það markmið að umgjörð sjóðsins endurspegli og fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Umsagnarfrestur er til 27. mars nk.

Finna má drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins, auk frekari umfjöllunar í samráðsgátt stjórnvalda og á vef ráðuneytisins. Starfsfólk Jöfnunarsjóðs veitir jafnframt nánari upplýsingar um útreikning framlaga fyrir hvert sveitarfélag.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Hulda Kristjánsdóttir


From: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>
Sent: fimmtudagur, 16. mars 2023 09:19
Cc: Aðalsteinn Þorsteinsson; Sigtryggur Magnason; Anna G. Björnsdóttir; Heiða Björg Hilmisdóttir; Karl Björnsson; Jóhanna Sigurjónsdóttir; Guðveig Eyglóardóttir; Kolbrún Erna Magnúsdóttir
Subject: Berist til viðkomandi sveitarstjórnar
Attachments: Bréf - Hvatning vegna tillagna um bættar starfsaðstæður.pdf

Sæl öll.


Meðfylgjandi er sameiginlegt bréf innviðaráðherra og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Verkefnisstjórninni skilað af sér yfirgrípsmiklum tillögum til að bæta starfsaðstæður og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum þann 24. nóvember síðastliðinn. Vinna stendur yfir á vegum ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga við að fylgja tillögunum eftir.

Vinsamlega kynnið ykkur efni bréfsins og hikið ekki við að hafa samband ef þið viljið koma á framfæri ábendingum eða eitthvað er óljóst.

Bestu kveðjur,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.



Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 15. mars 2023

Tilv.: IRN22010575/4.10.3

Efni: Hvatning vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Verkefnisstjórn undir forystu Guðveigar Eyglóardóttur, forseta sveitarstjórnar Borgarbyggðar, skilaði af sér yfirgripsmiklum tillögum til bæta starfsaðstæður og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum þann 24. nóvember síðastliðinn. Verkefnisstjórnin var skipuð til að vinna að aðgerð innan gildandi sveitarstjórnaráætlunar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Í samræmi við aðgerðina byggjast tillögurnar á greiningu á starfsaðstæðum og starfskjörum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Áhersla var lögð á að greina ástæður þess að endurnýjunarhlutfall meðal kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum er hærra en í öðrum norrænum grannríkjum.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnarinnar kemur fram að álag, ófullnægjandi starfsaðstæður, erfið samskipti og óánægja með starfskjör eigi stærstan þátt í háu endurnýjunarhlutfalli (6/10) meðal kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum síðustu ár. Verkefnisstjórnin leggur til að brugðist verði við vandanum með 15 tillögum um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Tillögurnar snúa að hluta til að breytingum á lögum en að öðru leyti að fræðslu og starfskjörum sem sveitarstjórnir geta sjálfar haft áhrif á án lagabreytinga.

Með þessu bréfi viljum við fylgja úr hlaði þeim tillögum sem snúa að sveitarstjórnunum sjálfum í þeim tilgangi að draga úr álagi, bæta starfsaðstæður og samskipti kjörinna fulltrúa sín á milli og við íbúa. Fyrst og fremst viljum við hvetja sveitarstjórnir til að móta sér markvisst vinnufyrirkomulag til að draga úr álagi á kjörna fulltrúa á hverju kjörtímabili. Við þróum vinnulags verði tekið mið af því að stuðla að góðu samstarfi innan hópsins, markvissum vinnubrögðum og eðlilegu tilliti til fjölskylduábyrgðar. Sveitarstjórnnum er bent á námsefni Sveitarfélagaskóla Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi.

Með sama hætti er ástæða til að minna á heimild 42. gr. sveitarstjórnarlaga til framsals fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála til fastanefndar eða tiltekins starfsmanns með ákveðnum skilyrðum. Með nýtingu þess og heimildar 6. mgr. 55. gr. sömu laga um verksvið framkvæmdastjóra (sveitar/bæjar/borgarstjóra) má létta af kjörnum fulltrúum álagi og auka svigrúm þeirra til að einbeita sér að pólitískri stefnumótun.

Bent er á mikilvægi þess að kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum sé tryggður aðgangur að nauðsynlegum tækjabúnaði á borð við síma og tölvu eða þeim veittur styrkur til kaupa á slíkum tækjum. Eðlilegt er að greitt sé fyrir kostnað af notkun tækjanna í þágu sveitarfélagsins með sanngjörnum hætti. Jafnframt sé öllum kjörnum fulltrúum tryggður aðgangur að hentugu húsnæði til að taka á móti erindum íbúa og sinna öðrum skyldum sínum í þágu sveitarstjórnarinnar.

Vaxandi þáttur í andlegu álagi á kjörna fulltrúa felst í erfiðum samskiptum, hatursorðræðu, áreiti og kynbundnu ofbeldi. Með vísun til þess er sveitastjórninni bent á að skoða kosti þess að setja sér samskiptasáttmála og nýta sér fræðsluefni Sveitarfélagaskólans um hvernig árangursríkast sé að bregðast við því að neikvæð gagnrýni fari yfir ásættanleg mörk. Jafnframt er sveitarstjórnin hvött til þess að veita kjörnum fulltrúum handleiðslu og/eða stuðning sérfræðinga á kostnað sveitarfélagsins þegar á þurfi að halda í tengslum við neikvæð samskipti, áreiti og ofbeldi.

Innviðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga líta niðurstöður greiningarvinnu verkefnisstjórnarinnar um erfiðar vinnuaðstæður kjörinna fulltrúa alvarlegum augum og munu leggja sig fram um að fylgja eftir tillögum hennar til að bæta líðan, starfsaðstæður og kjör fulltrúa í sveitarstjórnnum. Einn liður í því felst í drögum að aðgerð innan komandi aðgerðaráætlunar í sveitarstjórnarmálum um stofnun fagteymis til að vernda kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum og á Alþingi gagnvart einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni. Niðurstöður kannana Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á líðan þessara hópa gefur til kynna að þeir verði fyrir talsverðu áreiti af þessu tagi og í meira mæli en gerist og gengur á almennum vinnumarkaði. Vonir standa til að hægt verði að ýta vinnu fagteymisins úr vör á miðju yfirstandandi ári.

Frekari upplýsingar um tillögur verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa má nálgast í lokaskýrslu hennar á vefsíðunni www.stjornarradid.is. Við vonum að þessar upplýsingar reynist ykkur gagnlegar og óskum ykkur velfarnaðar í störfum ykkar fyrir sveitarfélögin.

Virðingarfyllt

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 9. mars 2023 15:12
Subject: Til umsagnar 128. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

9. mars 2023
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 128. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 23. mars nk.** á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/153/s/0128.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Elísabet Björney Lárusdóttir <elisabet@sass.is>
Sent: miðvikudagur, 22. mars 2023 09:27
To: valtyr@asahreppur.is; Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Flóahrepps; Aldís Hafsteinsdóttir; Geir Sveinsson; Sveitarstóri RY; Margrét Jóna Ísólfisdóttir; gudrunasa@gogg.is; sveitarstjori@klaustur.is; Elliði Vignisson; agustthb@arborg.is; Dagný Hauksdóttir; Stefán Aspar Stefánsson; Einar Bárðarson
Subject: Loftslagsstefnur sveitarfélaga á Suðurlandi - Handleiðsla
SASShronn@skeidgnup.is

Komið þið sæl öll,

Vinsamlegast fyllið út í þessa könnun til að við getum fest okkur fundartíma í maí og júní n.k.
<https://doodle.com/meeting/participate/id/az6VnPZa>

Ef aðrir en þið ætlið að taka þátt í handleiðslunni vinsamlegast sendið mér nafn viðkomandi ásamt netfangi. Þessi hópur sem er að myndast hér samanstendur af þeim aðilum innan hvers sveitarfélags á Suðurlandi sem heldur utan um umhverfismál hjá sér.

Við hefjumst handa í maí næstkomandi og munum fylgja aðferðunum sem fengnar eru frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar: <https://loftslagsstefna.is/sveitarfelog/gerd-loftslagsstefnu/>

Ég hlakka til að vinna með ykkur .

Bestu kveðjur,



Elísabet Björney Lárusdóttir

Umhverfissérfræðingur

e. Environmental specialist

gsm 695 3003

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

e. Association of Municipalities in South Iceland
Austurvegi 56 Selfossi / Austurvegi 4 Hvolsvelli
800 Selfossi / 860 Hvolsvelli
sass.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: miðvikudagur, 22. mars 2023 12:05
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Fundarboð - Fundur með fulltrúa forsætisráðuneytisins mánudaginn 22. maí kl. 09.00

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið hyggst halda fund mánudaginn 22. maí nk. kl. 09:00 í Félagsheimilinu Aratungu, Reykholti í Biskupstungum, þar sem Bláskógabyggð er með skrifstofur sínar. Efni fundarins eru málefni þjóðlendna.


Yfirleitt hefur ráðuneytið farið í fundarferð um landið og fundað með sveitarstjórnnum (sem eru með þjóðlendur innan sinna marka) á hverju vori. Síðustu ár hafa þó verið nokkuð skrýtin, covid 2020 og 2021 og svo voru sveitarstjórnarkosningar 2022. Ráðuneytið hefur því ekki farið í þessa árlegu fundarferð sína síðan 2019. Ætlunin er að taka þessar fundarferðir aftur upp. Ætlunin er að byrja á Suðurlandi og fíkra okkur svo áfram hringinn í kring um landið

Fyrirhugað er að bjóða forsvarsmönnum fjallskilaneftnda með á fundinn.

Hlökkum til að sjá þig/ykkur.

Með fyrirfram þökk og von um góðan fund í lok maí.


Með kveðju, Regína



Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnáslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing





Sveitarfélag ársins – blómlegt og heilbrigt starfsumhverfi

Líkt og árið 2022 hafa bæjarstarfsmannafélögin¹ innan BSRB ákveðið að bjóða sveitarfélögum að taka þátt í könnuninni Sveitarfélag ársins 2023 fyrir allt starfsfólk sveitarfélagsins. Ef allt starfsfólk tekur þátt, fæst heildstæð mynd af starfsumhverfi sveitarfélaganna. Þannig er hægt að bera saman starfsumhverfi sveitarfélaga innbyrðis og sveitarfélaga og ríkis sem og almenna markaðarins.

Tilgangurinn með könnuninni Sveitarfélag ársins er að hvetja stjórnendur sveitarfélaganna til að veita starfsumhverfinu aukna athygli. Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Fyrir hendi er löng reynsla hjá Gallup af könnun sem þessari, sem er ítarleg og gerir stjórnendum kleift að bregðast við áskorunum með skipulögðum hætti.

Með þessu bréfi bjóðum við sveitarfélaginu þátttöku í könnuninni fyrir allt starfsfólk. Þátttaka miðast við fastráðið starfsfólk í meira en 30% starfshlutfalli. Könnunin verður send til alls félagsfólks þeirra félaga sem standa að könnuninni, en kjósi sveitarfélagið að taka þátt verður könnunin send öllu starfsfólki sveitarfélagsins óháð félagsaðild.

Um hvað er spurt í könnuninni?

Alls eru rúmlega 40 spurningar í könnuninni sem falla í níu þætti: stjórnun, ímynd, starfsanda, sjálfstæði, vinnuskilyrði, sveigjanleika, launakjör, jafnrétti og auk ánægju starfsfólks.

Hvar verða niðurstöður birtar?

Haustið 2023 verða niðurstöður allra sveitarfélaga sem ná þátttökuskilyrðum aðgengilegar í rafrænu riti.

Í niðurstöðum er miðað við að skipta sveitarfélögum í þrjá stærðarflokka:

- Færri en 100 starfsmenn
- 100-499 starfsmenn
- 500 starfsmenn og fleiri

Við hátíðlega athöfn verður svo þeim sveitarfélögum veitt viðurkenning sem best hafa stuðlað að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga.

¹ Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu
Starfsmannafélag Garðabæjar
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Starfsmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Kópavogs
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Starfsmannafélag Suðurnesja
Starfsmannafélag Vestmannaeyja



GALLUP®

Hvað fær sveitarfélagið ef það tekur þátt?

Alls fá um 60 sveitarfélög boð um þátttöku. Þau sveitarfélög sem taka þátt fyrir allt starfsfólk og ná a.m.k. 35% svarhlutfalli fá aðgang að niðurstöðum í rafrænu kerfi (Gallup Torg) þar sem hægt er að sjá niðurstöður allra þátta og allra spurninga að baki þáttunum. Þau sveitarfélög sem ná þátttökuskilyrðum bæði ár sjá þróun á niðurstöðum allra þátta. Einnig mun sveitarfélagið geta séð niðurstöður fyrir einstaka vinnustaði, t.d. hvern skóla ef 10 eða fleiri svör berast frá skólanum. Aldrei eru því sýndar niðurstöður fyrir færri en 10 svör í einu.

Innifalið er kynning á því hvernig sveitarfélagið getur nýtt niðurstöðurnar sem best fylgir með í kaupunum. Þrautreynt starfsfólk Gallup leiðir þig í gegnum niðurstöðurnar.

Hvað þarf að gera til að taka þátt?

Könnunin verður send til starfsfólks fyrir lok apríl 2023. Þau sveitarfélög sem kjósa að taka þátt fyrir allt starfsfólk þurfa að gera vinnslusamning við Gallup vegna persónuupplýsinga sem sveitarfélagið sendir frá sér til Gallup. Senda þarf tölvupóst á Tómas (tomas.bjarnason@gallup.is) og óska eftir að fá sendan vinnslusamning. Þegar vinnslusamningur er kominn á, skal senda listann í læstri Excel skrá til Tómasar fyrir 6. apríl. Lykilorð til að opna skrána skal senda með SMS í síma 860-1025. Í skilaboðunum skal koma fram hver sendandinn er, dæmi: „Glæsisveitarfélag - lykilorð: GS2023.“ **Excel-skjalið þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar um allt fastráðið starfsfólk í 30% starfshlutfalli eða meira:**

- Kennitölu, nafn, netfang og/eða GSM símanúmer (fyrir allt starfsfólk ef hægt er, en nauðsynlegt er að hafa GSM símanúmer ef netfang er ekki til staðar), vinnustað starfsfólks (nafn og kennitölu vinnustaðarins). Upplýsingar um vinnustað liggja svo til grundvallar við skýrslugerð fyrir sveitarfélagið. Athugið að hafa svæðið fyrir kennitölur tíu stafa textasvæði svo að 0 (núll) fremst í kennitölu skili sér, ef við á. Notið hvorki bil né bandstrik í kennitöluna.
- Einnig þarf að fylgja tölvupóstinum: Nafn tengiliðs hjá sveitarfélaginu sem Gallup getur verið í samandi við til að upplýsa um þátttöku starfsfólks.

Könnunin er eingöngu rafræn og er send starfsfólki í tölvupósti og/eða SMS, ef það liggur fyrir.

Hver er kostnaður við þátttöku?

Kostnaður við þátttöku starfsfólks alls sveitarfélagsins auk eins aðgangs að niðurstöðum sveitarfélagsins er sem hér segir (tölur án vsk.).

Alls fjöldi starfsfólks sveitarfélags	Verð fyrir þátttöku alls starfsfólks og einn aðgangur að niðurstöðum í rafrænu kerfi – verð eru án vsk.
Færri en 100	182.000
100-199	246.000
200-399	359.000
400-699	574.000
700-999	678.000
1000-1999	980.000
2000-2999	1.280.000



GALLUP®

Kynning frá Gallup á helstu niðurstöðum fylgir kaupum á skýrslu. Einnig fylgir kennsla á rafræna kerfið (Gallup Torg) svo sveitarfélagið geti nýtt sér það að fullu. Sveitarfélagið greiðir kostnað við þátttöku og skýrslugerð beint til Gallup.

Eftirfarandi félög standa að könnuninni:

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	Hafsteinn Ólason	fosa@isholf.is
FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu	Árný Erla Bjarnadóttir	arny@foss.bsrb.is
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu	Arna Jakobína Björnsdóttir	jakobina@kjolur.is
Starfsmannafélag Garðabæjar	Gunnar Hrafn Richardson	formadur@stag.is
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	Karl Rúnar Þórsson	karl@sthafn.is
Starfsmannafélag Húsavíkur	Hermína Hreiðarsdóttir	sth@framsyn.is
Starfsmannafélag Kópavogs	Marta Ólöf Jónsdóttir	formadur@stkop.is
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	Edda R. Davíðsdóttir	stamos@stamos.is
Starfsmannafélag Suðurnesja	Ástríður Sigþórsdóttir	formadur@stfs.is
Starfsmannafélag Vestmannaeyja	Unnur Sigmarsdóttir	unnur@stavey.is

Frekari upplýsingar fást hjá undirrituðum:

Tómas Bjarnason, tomas.bjarnason@gallup.is; sími 860 1025

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, hafdis@kjolur.is; sími 525 8327



<https://www.sveitarfelagarsins.is/>



<https://www.facebook.com/sveitarfelagarsins>

Hulda Kristjánsdóttir

From: Árný Erla Bjarnadóttir <arny@foss.bsrb.is>
Sent: miðvikudagur, 8. mars 2023 16:54
To: Foss
Subject: Sveitarfélag ársins
Attachments: Bréf_til_sveitarfélaga_2023.docx

Meðfylgjandi er kynningarbréf um Sveitarfélag ársins 2023 sem er sérsniðin könnun þar sem starfsumhverfinu er veitt sérstök athygli. Með könnuninni gefst einstakt tækifæri til að bera saman starfsumhverfi sveitarfélaga innbyrðis og sveitarfélaga og ríkis sem og almenna markaðarins. Könnunina munu bæjarstarfsmannafélögin innan BSRB leggja fyrir félagsmenn sína með aðstoð Gallup. Með þessu kynningarbréfi er sveitarfélaginu boðið að taka þátt fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.

Frekari upplýsingar fást hjá undirrituðum:

Tómas Bjarnason, tomas.bjarnason@gallup.is; sími 860 1025

Bestu kveðjur

Árný Erla Bjarnadóttir
Formaður FOSS stéttarfélags í almannajónustu
Eyravegi 27
800 Selfoss
S: 482-2760

Hulda Kristjánsdóttir

From: Landsnet <landsnet@landsnet.is>
Sent: miðvikudagur, 22. mars 2023 12:47
Subject: Vorfundur Landsnets - Fjúka orkuskiptin á haf út? 24. mars 2023 - Skráning



Morgunverðarfundur í Norðurljósasal, Hörpu

Föstudagurinn 24. mars n.k.
kl. 8.30 – 10.00

Á vofundi Landsnets verður mikilvægi flutningskerfisins í orkuskiptum til umfjöllunar. Nýir orkukostir eru mikið í umræðunni og mikið hefur verið rætt um tækifærin sem í því felast en líka hindranir. Hversu vel er flutningskerfi rafmagns í stakk búið til að miðla rafmagni um landið? Hversu mikið af vindorku má nýta og flytja um landið? Erum við klár í orkuskiptin?

[Skráðu þig hér!](#)

DAGSKRÁ

Guðlaugur Þór Þórðarson

Umhverfis-, orku- og umhverfisráðherra

Ávarp

Guðmundur Ingi Ásmundsson

Forstjóri

Fjúka orkuskiptin á haf út?

Gnýr Guðmundsson

Yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu

Við erum tilbúin

Svandís Hlín Karlsdóttir

Forstöðumaður viðskiptatengsla og -þróunar

Grípum tækifærin

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Framkvæmdastjóri Elma

Valdefling neytandans og nýrrar tækni

Sigrún Jakobsdóttir

Stjórnarformaður

Fundarstjóri

Verið öll velkomin

Landsnet hf

Tel / Sími 5639300 / landsnet@landsnet.is

LANDSNET

www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.linkedin.com/company/landsnet/ /
www.instagram.com/landsnet

Hulda Kristjánsdóttir

From: Lýður Pálsson <lydurp@byggdasafn.is>
Sent: mánudagur, 20. mars 2023 13:06
To: fjalask@arborg.is; Geir Sveinsson; ellidi@olfus.is; Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; aldís@fludir.is; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; sandradis@olfus.is
Cc: asgrimsleid@gmail.com
Subject: Ásgrímsleiðin - boðsferð

Kæri bæjarstjóri/sveitarstjóri í Árnesþingi. Hér fyrir neðan er kynning á rútuferð um slóðir Ásgríms Jónssonar listmálara. Þess er vænst að hvert sveitarfélag bjóði tveimur gestum í ferðina sem fulltrúum sveitarfélagsins.

Ásgrímsleiðin er ökuferð um Flóann á söguslóðir Ásgríms Jónssonar listmálara með viðkomu á sýningum Listasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Söfnin bjóða þér/ykkur að þiggja sæti í fyrstu ferð *Ásgrímsleiðarinnar*.

Boðsferð verður farin frá Húsinu á Eyrarbakka kl. 12 þann 1. apríl og leiðsögumaður verður Hannes Stefánsson. Ásgrímur var fæddur 4. mars 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa. Hann gerði málalartistina að ævistarfi og varð brautryðjandi í listasögu þjóðarinnar. Umhverfi bernskuheimilisins hafði sterk áhrif á hann og listsköpun hans og ferðin mun feta þá slóð. Farið verður um Stokkseyri að Gaulverjabæjarkirkjugarði þar sem Ásgrímur hvílir. Við heimsækjum svo minnismerki um listamanninn sem stendur innan skógræktarinnar Timburhóls stutt frá æskustöðvum hans. Þótt húsin í Rútsstaðarhverfi séu löngu horfin má enn sjá frá veginum Álfakirkju Ásgríms. Á þessari leið sést vel fjallahringurinn sem fósraði sveininn og veitti honum innblástur.

Hornsteinn afmælisýning Listasafns Árnesinga í Hveragerði verður heimsótt en þar eru fjölmörg verk Ásgríms sýnd. Þar mun safnafræðingurinn Rakel Pétursdóttir bjóða upp á leiðsögnina *Landið með fránum augum Ásgríms*. Síðan liggur leiðin aftur á Eyrarbakka þar sem opnuð verður sýningin *Drengurinn, fjöllin og Húsið*. Þar er varpað ljósi æsku hans og unglingsár. Upp úr fermingu réðist Ásgrímur til vistar í Húsinu á Eyrarbakka og var þar ekki í kot vísað.

Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands.

Rætur Listasafns Árnesinga má rekja til gjafar Bjarnveigar Bjarnadóttur, frænku Ásgríms, og tveggja sona hennar sem færðu Árnesingum sjötíu listaverk eftir helstu listamenn þess tíma. Nítján þessara verka voru eftir Ásgrím.

Listamaðurinn sjálfur ánafnaði Listasafni Íslands verk sín og heimili á Bergstaðastræti 74 og þar er í dag sýning á heimili hans og verkum. Upplagt er að heimsækja Hús Ásgríms áður en Ásgrímsleiðin er farinn eða í kjölfar þess.

Með *Ásgrímsleiðinni* vilja söfnin vekja athygli á ævi og störfum Ásgríms Jónssonar en einnig fagna afmæli safnanna. Byggðasafnið á 70 ára afmæli á árinu og Listasafn Árnesinga fagnar 60 ára afmæli. *Ásgrímsleiðin* er afmælispríleikur okkar Árnesinga.

Ásgrímsleiðin er styrkt af Safnaráði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Þátttöku í boðsferðina skal tilkynna í síðasta lagi 26. mars með svari á netfangið asgrimsleid@gmail.com.

Fyrir hönd undirbúningshópsins,

--

Með bestu kveðju / With best greetings

Lýður Pálsson


safnstjóri / museum director

Byggðasafn Árnesinga / Árnessýsla Heritage Museum

Húsinu, 820 Eyrarbakki, Iceland

www.byggdasafn.is

sími (+354) 891 7766



Til allra sveitarstjórna

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 31. mars 2023 kl. 16:30 á Grand Hótel, Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.


Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2022 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykpta sjóðsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
10. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2022 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins www.lanasjodur.is.

Virðingarfyllst
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.


Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Hulda Kristjánsdóttir

From: Anna Ingadóttir <anna.ingadottir@samband.is>
Sent: föstudagur, 17. mars 2023 15:03
Subject: Íslensku menntaverðlaunin 2023 – tilnefningar óskast

Opið fyrir tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna 2023

Er framúrskarandi kennari, verkefni og/eða menntaumbætur í þínu sveitarfélagi? Því ekki að tilnefna þau til íslensku menntaverðlaunanna?

Íslensku menntaverðlaunin 2023 verða afhent að Bessastöðum í nóvember næstkomandi og nú hefur verið opnað fyrir tilnefningar.

Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglíngum.

Verðlaunin eru í fimm flokkum:


1. Framúrskarandi skóla- eða menntaumbætur
2. Framúrskarandi kennari
3. Framúrskarandi þróunarverkefni
4. Framúrskarandi iðn- og verkmenntun
5. Hvatningarverðlaun til einstaklings, hóps eða Tilnefningar skulu hafa borist **fyrir 1. júní n.k.**

Sjá nánar: <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

Eru viðtakendur þessa tölvupósts hvattir til að senda inn tilnefningar og vinamlegast beðnir um að kynna verðlaunin sem víðast, til dæmis á heimasíðu og samfélagsmiðlum sveitarfélaga.

Verið með og sendið inn tillögur !

Bestu kveðjur
Anna



Anna Ingadóttir
sérfræðingur
Beint innval: 51 54 918
Netfang: anna.ingadottir@samband.is
Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 51 54 900, netfang: samband@samband.is
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sandra Halldórsdóttir - HI <sah@hi.is>
Sent: fimmtudagur, 23. mars 2023 14:51
To: Stefan Celine Hardonk - HI
Subject: Áminning vegna NNDR 2023
Attachments: Kynningarbéf ráðstefnu NNDR 2023 (2).pdf

Sæl(l),

Ég vill byrja á því að biðjast afsökunar á að senda tölvupósturinn aftur en það er vegna þess að það gleymdist að setja með allar upplýsingar.

En með þessum pósti langar okkur í undirbúningsnefnd ráðstefnu Nordic Network on Disability Research að minna á ráðstefnuna verður haldin 10.-12. maí nk.


Nú fer að líða að síðasta séns til þess að skrá sig á þessa frábæru og fróðlegu ráðstefnu.

Einnig biðjum við um að koma myndinni og bréfinu í viðhengi til þeirra starfsmanna eða félagsmanna sem kunna að hafa áhuga.

Með fyrirfram þökk.

Fyrir hönd undirbúningsnefndar NNDR 2023.

Sandra Halldórsdóttir og Stefan Hardonk



**Nordic Network on
Disability Research**

NNDR 16th Research Conference 10-12 May 2023, Reykjavík, Iceland

The Nordic countries' largest disability studies conference

- Four keynote speakers
- Diverse sessions including on education, work, independent living, and representations of disability
- Pre-conference events

Registration is *now open*.

More information: nndr2023.is

Sæl(l),

Félag um fötlunarrannsóknir tilkynnir 16. ráðstefnu Nordic Network on Disability Research (NNDR) sem verður haldin á Grand Hotel Reykjavík 10.-12. maí nk.

Á ráðstefnunni halda alþjóðlegir sérfræðingar í fötlunarfræði aðalfyrirlestra og meðal þeirra er Theresia Degener, prófessor í fötlunarfræði við Bochum Center for Disability Studies (Þýskalandi) en hún hefur um árabil verið formaður eftirlitsnefndar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Aðrir aðalfyrirlesarar eru Lydia X. Z. Brown, aktivisti og adjúnti í fötlunarfræði við Georgetown University (BNA) og Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita við Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um aðalfyrirlesara má finna á nndr2023.is. Auk aðalfyrirlestra verða um 500 kynningar á rannsóknum í málstofum um viðfangsefni sem tengjast ýmsum sviðum í lífi fatlaðs fólks, svo sem menntun, atvinnu, sjálfstæðri búsetu, réttindagæslu, fjölskyldulífi, sjálfræði, birtingarmyndir fötlunar í samfélaginu, o.fl.

Félag um fötlunarrannsóknir hefur í undirbúningsvinnu sinni í fyrsta skipti í sögu ráðstefnu NNDR lagt áherslu á þátttöku fræðafólks og annarra aðila á sviði rannsókna um Döff og heyrnarlaust fólk. Einn aðalfyrirlesaranna er Hilde Haualand en hún er fyrsti Döff einstaklingur til að gegna stöðu prófessors í Noregi (NTNU, Trondheim). Auk þess verður fjöldi erinda í málstofum sem fjalla um rannsóknir á þessu sviði.

Ráðstefna NNDR 10.-12. maí nk. verður stærsta fötlunarfræðiráðstefna á Norðurlöndum frá upphafi fræðigreinarinnar og mögulega sú stærsta í heiminum. Hún er vettvangur fræðslu og samskipta á milli fræðafólks, aðila úr hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, fagfólks, aðila í þjónustu og hjá yfirvöldum, o.fl. Þátttakendur koma frá Norðurlöndunum en einnig frá Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og víða að úr heiminum.

Eins og önnur ríki stendur Ísland frammi fyrir margþættar áskoranir í framkvæmd réttindasáttmála fatlaðs fólks. Nú þegar ráðstefnan er haldin á Íslandi býðst öllum þeim sem koma að málefnum fatlaðs fólks tækifæri til að kynna sér nýjustu rannsóknir, nálganir og aðferðir á sviði fötlunarfræði á Norðurlöndum og á alþjóðavísu.

Við bjóðum hér með öllum sem hafa áhuga á málefnum fatlaðs fólks að taka þátt í ráðstefnunni. Mikilvægt er að skrá sig sem fyrst á nndr2023.is til að tryggja þátttöku (<https://nndr2023.is/registration/>). Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar biður einnig um að þessi skilaboð verði dreifð til allra sem kunna að hafa áhuga.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur á ráðstefnu NNDR 2023.

Fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar,

Stefan C. Hardonk

Dósent í fötlunarfræði við Háskóla Íslands og formaður Félags um fötlunarrannsóknir

Nordic Network on Disability Research (nndr.org) eru Norðurlandasamtök fræðafólks sem hafa það að markmiði að efla fötlunarfræði sem rannsóknarsvið í nánnum tengslum við samfélagið. Samtökin reka meðal annars virt fræðilegt tímarit að nafni 'Scandinavian Journal on Disability Research' (sjdr.se) og standa á tveggja ára fresti fyrir alþjóðlegri ráðstefnu sem aðildarfélög á Norðurlöndum skiptast á að skipuleggja.